

67. kirkjuþing 2025 - 2026

9. mál - þskj. 9a

T I L L A G A

til þingsályktunar um sölu fasteigna.

Flm. Birgir Gunnarsson.

Kirkjuþing 2025 - 2026 heimilar sölu eftirtalinna fasteigna enda fáist viðunandi söluverð:

1. Hjarðarhagi 30 107, Reykjavík. Íbúð (fjölbýlishús).
2. Aðalstræti 57, Patreksfirði, Vesturbyggð. Íbúðarhús.
3. Skútustaðir 1, Mývatnssveit, Þingeyjarsveit. Íbúðarhús og útihús ásamt lóð.
4. Steinar 1, Djúpavogi, Múlaþingi. Íbúðarhús.

Greinargerð.

Tillaga þessi er lögð fram af framkvæmdastjóra Þjóðkirkjunnar.

Tillagan er byggð á starfsreglum um fasteignir Þjóðkirkjunnar nr. 8/2022-2023, með síðari breytingu og fasteignastefnu Þjóðkirkjunnar nr. 9/2022-2023. Í fasteignastefnunni segir:

“Til að styðja þjónustu Þjóðkirkjunnar, hlutverk hennar og markmið skulu lagðar til fasteignir þar sem nauðsyn krefur og eftir því sem fjárhagur leyfir og stefna þessi mælir nánar fyrir um.”

Samkvæmt framangreindum starfsreglum er fallin brott almenn búsetuskylda presta.

Þær eignir sem óskað er eftir heimild til að selja í máli þessu falla ekki lengur undir tilvitnuð stefnumið.

Eignir eru ekki seldar nema viðunandi söluverð komi fyrir. Ekki er gert ráð fyrir að beinn kostnaður fylgi samþykkt máls þessa. Sölutekjur koma fyrir eignirnar en frá þeim dragast kostnaður við sölu s.s. vegna verðmats, sölupóknunar o.fl.

Um einstakar fasteignir.

Reykjavíkurbíofastsdæmi vestra.

Hjarðarhagi 30 (íbúð í fjölbýlishúsi), 107, Reykjavík. Íbúð á 1. hæð til hægri, 94,1 fm. að stærð, fasteignanr. F2028462.

Þjóðkirkjan var arfleidd að eigninni með erfðaskrá frá 1960. Arfurinn var bundinn kvöð um ráðstöfun leigutekna en kvöðinni var aflétt árið 2019. Eignin er í dag í almennri útleigu.

Vestfjarðaprófastsdæmi.

Aðalstræti 57, Patreksfirði, Vesturbyggð. Íbúðarhús, 351,4 fm. að stærð, fasteignanr. F2123695. Eignin þykir ekki henta vel sem prestsbústaður, hvað varðar stærð og fyrirkomulag. Eignin er í dag í almennri útleigu og leigt er annað og hentugra húsnæði fyrir prestinn á staðnum.

Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi.

Skútustaðir 1, Mývatnssveit. Íbúðarhús, 245,20 fm. að stærð, fasteignanr. F2163182. Heimild verði veitt til að selja íbúðarhúsið og fyrrum prestsbústaðinn að Skútustöðum í Mývatnssveit, ásamt hæfilegri lóð. Auk þess fylgi í sölnni gömul útihús. Kirkjuþing hefur samþykkt að prestsbústaður verði ekki áfram á Skútustöðum. Umráðamaður prestsbústaðarins hefur látið af embætti og afhent húsið Þjóðkirkjunni. Þjóðkirkjan hefur ekki not fyrir fasteignina.

Austurlandsprófastsdæmi.

Steinar 1, Djúpavogi, Múlaþingi. Íbúðarhús, 220 fm. að stærð, fasteignanr. F2179475. Starfandi prestur býr í Heydölum og húsnæðið á Djúpavogi er búið að vera í almennri útleigu í talsverðan tíma. Íbúafjöldi á Djúpavogi er um 500 manns en Djúpivogur tilheyrir sveitarfélaginu Múlaþingi þar sem búa yfir 5000 manns.